

## Viðmið fyrir radd- og hljóðlestrarpróf

Eftirfarandi viðmið miðast við árangur að vori

<u>Bekkur</u>	<u>Raddlestur/atkvæði á mín.</u>	<u>Hljóðlestur/atkvæði á mín.</u>
1.	50*-80	---
2.	80*-110	50 -110
3.	110*-170	170 - 200
4.	170*-200	250 - 350 (e. þyngd texta)
5.	200*-300	300 - 400
6.	230*-300	400 - 500
7.	300*-350	400 - 500
8.-10.	300*-350	400 - 600

**\*Athugasemd** Nemendur sem eru undir neðri mörkum viðmiða í raddlestrarprófi þarfnast lestrarátaks til að ná meiri lesfimi (hraða og lesskilningi). Þetta á þó ekki við um þá nemendur sem grunur leikur á eða staðfest hefur verið að eru með lestrarörðugleika.

### **Villufyrirgjöf á raddlestrarprófi**

Lesi nemandi orð rangt á raddlestrarprófi, að hluta til eða í heild sinni, skal telja heildaratkvæðafjölda orðsins og koma þau til frádráttar atkvæðafjöldanum sem lesinn er á tveimur mínútum. Þegar atkvæðafjöldi rangt lesinna orða hefur verið dreginn frá skal deila með 2 og fæst þá raddlestrareinkunn nemandans.

### **Um hljóðlestrarpróf (lesskilningspróf)**

Hljóðlestur er mældur með lesskilningsprófum og á slíku prófi þarf hlutfall rétttra svara að vera 85-90% til að hljóðlestrarhraði sé marktækur. Lesinn atkvæðafjöldi á mínútu á hljóðlestrar-/lesskilningsprófi er reiknaður svona:

Atkvæðafjöldi texta X 60 = Fjöldi atkvæða lesinn í hljóði á mínútu.  
 Sekúndufjöldi